

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um íbúðalán banka og sparisjóða.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve háa fjárhæð samtals hefur hver banki og sparisjóður lánað með veði í íbúðarhúsnæði síðan í ágúst 2004 og hver er fjöldi lántakendanna í hverju tilviki?
2. Hver er áætluð markaðshlutdeild hvernar lánastofnunar og þeirra allra samtals í þessum lánaflökki og hver er hlutdeildin þegar lánunum er skipt eftir höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?
3. Hversu margir lántakendur hjá hverri stofnun eru með
  - a. 4,15% vexti eða lægri á þeim lánnum sem um er spurt og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,
  - b. vexti á bilinu 4,15%–5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,
  - c. vexti hærri en 5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna?
4. Hve margir lánasamningar eru þannig að þinglýst er tiltekinni vaxtaþrósentu en samið er við greiðanda um greiðslu lægri vaxta, hvernig skiptast þeir milli bankastofnana og hver er samanlögð fjárhæð í hverju tilviki? Hvaða vaxtaþrósentu er helst þinglýst og hvaða lægri vaxtaþrósentu er oftast samið um?
5. Hver er áætluð meðalvaxtaþrósentu hvernar bankastofnunar af þessum lánnum nú og hver verður hún þegar tekið hefur verið tillit til uppgreiðsluálags, endurskoðunar vaxta samkvæmt fimm ára ákvæði og skilyrða um önnur viðskipti lántakenda?
6. Hver er vaxtamunur hvernar bankastofnunar og áætlaður hagnaður af honum? ..

Skriflegt svar óskast.